

Tónfræði M1

Tónfræði M1 er ætluð nemendum sem hafa lokið grunnprófi í tónfræðigreinum. Hún felur í sér fyrri hluta miðnáms í tónfræði. Æskilegt er að nemendur taki Tónfræði M1 samhliða Tónheyrn M1 og Hlustun og greiningu M1 og eru öll þrjú fögin skylda til miðprófs.

Námsefni:

Tónfræði II og Tónfræði III eftir Aagot V. Óskarsdóttur (4. og 5. hlutar)



Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Tónfræði M1.

Nótnaritun

Nemandi

- þekki og geti skráð í viðeigandi lykli stofntóna, hækkaða tóna, lækkaða tóna, tvíhækkaða tóna og tvílækkaða tóna á tonsviðinu C-c^{'''}.
- þekki öll áttundaheiti og hafi öðlast skilning á nótnaritun á ólíkum tonsviðum.
- kunni skil á staðsetningu nótna í framangreindum áttundum á hljómborði.
- hafi mjög gott vald á nótnaritun í G-lykli.
- hafi öðlast skilning á hlutverki lykla í nótnaritun.
- hafi náð góðum tókum á nótnaritun í F-lykli.

Hrynur

Nemandi

- kunni skil á helstu lengdargildum nótna og þagna.
- þekki hugtakið alla breve og tákn þess.
- kunni skil á helstu ritreglum takttegundanna 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8.
- hafi kynnst takttegundunum 3/8, 9/8, 12/8, 2/2, 3/2 og 4/2.
- þekki muninn á einföldum og samsettum takttegundum.

Laglína og tóntegundir

Nemandi

- þekki uppbyggingu eftirtalinna gerða tónstiga: dúrtónstigi, hreinn, hljómhæfur og laghæfur molltónstigi og krómatískur tónstigi.
- geti skráð og greint af blaði eftirtaldar gerðir tóntegunda: dúr og moll.
- geti greint af blaði tóntegund tónverka í dúr og moll til og með fjórum formerkjum.
- þekki og skilji hugtökin samnefndar og sammærka tóntegundir í dúr og moll.
- þekki uppbyggingu fimmundahrings og hafi öðlast leikni í öllum dúrtóntegundum til og með fimm formerkjum og molltóntegundum til og með fjórum formerkjum.
- þekki eftirtalin hugtök: frumtónn, grunntónn, undirfortónn, fortónn og leiðsögutónn.
- geti tónflutt stuttar laglínur milli tóntegunda með allt að fjórum formerkjum í G-lykli og F-lykli.

Tónbil

Nemandi

- geti greint á blaði og skráð á nótnastreng öll tónbil innan áttundar.

Orð og tákni

Nemandi

- skilji og geti beitt öllum helstu hugtökum og táknum sem lúta að tónstyrk.
- skilji og geti beitt eftirfarandi hugtökum: largo, larghetto, lento, grave, adagio, andante, andantino, moderato, allegretto, allegro, vivace, presto, ritardando, rallentando, accelerando, a tempo og rubato.
- skilji og geti beitt hugtökunum agitato, calando, cantabile, con fuoco, con moto, con spirito, dolce, furioso, grazioso, maestoso, leggiero, marcato, espressivo.
- skilji og geti beitt eftirtöldum hugtökum: con (col), da capo al segno, dal segno al fine, e, ma, meno, molto, mosso, meno mosso, non, ped., pizzicato (pizz), più, più mosso, poco, poco a poco, sempre, sfz (sforzando), sf (sforzato), subito, simile, senza, solo, troppo, ma non troppo, tutti, opus.